



Kópavogsbær

Djúpgámar

Leiðbeiningarit fyrir húseigendur, byggingaraðila og hönnuði um kröfur Kópavogsbæjar til djúpgáma, fyrirkomulag og útbúnað þeirra.



Uppfært: Febrúar 2025



1. Inngangur

Leiðbeiningarit þetta er ætlað fyrir lóðarhafa, húsfélög, hönnuði eða aðra sem áhuga hafa að koma fyrir djúpgámum fyrir sorp á lóð sinni. Ritinu er ætlað að leiðbeina framkvæmdaaðilum sem og ráðgjöfum og verktökum frá hugmyndastigi þangað til hægt er að byrja að nota djúpgáminn.

Skyllt er að leita leyfis frá umhverfissviði Kópavogsbæjar áður en komið er fyrir djúpgámum.

Djúpgámar leysa af hólmi sorptunnur eða sorpgáma. Djúpgám er komið fyrir í steiptum ramma sem er grafinn niður. Efri hluti djúpgáms líkist hefðbundinni ruslatunnu sem komið er fyrir á götu eða gangstétt, en undir yfirborðinu er stórt rými þar sem ruslinu er fleygt.

Djúpgámar eru snyrtilegri í umhverfinu og taka á móti meira magni sorps en hefðbundnar sorptunnur. Djúpgámar henta vel til að fegra umhverfið og losna við fyrirferðarmikla sorpgáma eða tunnur ofanjarðar og í þetta íbúðabyggð þar sem pláss er takmarkað fyrir hefðbundnar sorpgeymslur.

2. Flokkun sorps

Reglurnar fyrir flokkun sorps eru þær sömu hvort sem notaðar eru hefðbundnar sorptunnur eða djúpgámar. Skyllt að safna fjórum úrgangsflokkum við öll íbúðarhús. Það er matarleifum, plastumbúðum, pappa/pappír og blönduðum úrgangi. Þegar ákveðið hefur verið að nýta djúpgáma við íbúðarhús skal sjá til þess að aðskilið hólf sé til staðar fyrir hvern úrgangsflokk. Allir úrgangsflokkar eiga að vera til staðar í hverjum gámaklasa.

Frekari upplýsingar um flokkun, tæmingu og reglur gefur umhverfissvið Kópavogs í síma 441-0000 og á heimsíðu Kópavogs www.kopavogur.is.

3. Kröfulýsing

Innkaup og uppsetning á djúpgámum er ávallt á ábyrgð þess sem óskar eftir að koma þeim upp.


Kópavogsbær sér um tæmingu þegar gámur er orðinn fullur. Tæming innheimtist með sorphirðugjöldum.

Djúpgámar skulu uppfylla kröfur í stöðlum ÍST EN 13071 hluta 1-3, Einungis er leyfður upphíngarbúnaður sem samanstendur af tveim lykkjum á móti hvorri annari (e. two loops parallel) skv. ÍST EN 13071-3. Fjarlægð, d , milli lykkja skal vera 140 mm – sjá skýringamynd að neðan.

Djúpgámar með eina lykkju, tvær lykkjur í línu, þrjár lykkjur í línu eða svepp (e. mushroom) eru ekki leyfðir og verða ekki tæmdur af Kópavogsbæ.

Ramminn sem djúpgámurinn er staðsettur í neðanjarðar skal vera útbúinn fallvörn svo sem loki sem lokast sjálfkrafa þegar djúpgámurinn er hífður úr rammanum við tæmingu. Fallvörnin má ekki vera staðsett neðar en 210 mm frá efri brún ramma.

Gerð er krafa á að djúpgámar fyrir blandaðan úrgang, pappa og pappír og plast séu 5m³ en 3m³ fyrir matarleifar.





4. Staðsetning og aðgengi

Djúpgámar skulu ávalt vera staðsettir innan lóðamarka lóðarhafa. Djúpgámar eru séreign lóðarhafa viðkomandi lóðar þar sem djúpgámar eru staðsettir. Lóðarhafar bera ábyrgð á rekstri og viðhaldi gámana og eru einungis ætlaðir íbúum sem búa innan lóðamarkanna. Djúpgámarnir skulu ávallt vera staðsettir í settum (gámaklasa) þannig að alltaf eru að minnsta kosti einn gámur fyrir hvern úrgangsflokk sem kröfur eru á að séu til staðar við heimili.

Aðgengi að djúpgámunum skal vera óskert af öryggisástæðum. Það þýðir að ekki má vera neitt, svo sem trjágróður, mannvirki eða ljósastaurar, sem gæti hindrað hífingu neðar en 12 m. Til hliðar við djúpgámasvæðið má ekki vera neitt sem gæti hindrað tæmingu nær en 2 m svo sem bílastæði, trjágróður, blómabeð, svalir, girðing eða þess háttar. Leitast skal við að staðsetja gámana við hlið götu, hægra megin í akstursstefnu. Fjarlægð frá götubrún að hífingarkrók á djúpgámi má ekki vera meiri en 4 m.

Þar sem heimilað hefur verið að staðsetja djúpgáma við götu má hámarkshraði ekki vera hærra en 30 km/klst og ekki um strætóleið að ræða. Staðsetja skal djúpgáma í útskoti ef um er að ræða einstefnu, stærrí safngötu eða götu með strætóumferð. Ef djúpgámarnir eru staðsettir við botnlangagötu, skal vera nægt pláss til að losunarbíllinn geti snúið við og athafnað sig án vandræða eða þrengsla. Hirðubílar eiga aldrei að þurfa að aka eftir gönguleiðum. Staðsetning djúpgáma má ekki hindra aðgengi sjúkra- og slökkviliðs að íbúðum.

Ekki má staðsetja neitt sem gæti hindrað aðgengi að djúpgámum nær en 0,8 m. Aðgengið skal vera slétt og án hárra kantsteina eða hækkana sem gætu hindrað aðgengi hjólastólanotenda. Leitast skal við að svæðið þar sem djúpgámarnir eru staðsettir sé upplýst til þægindaauka og aukins öryggis fyrir notendur gámana og sorphirðuaðila.

Við val á staðsetningu djúpgáma skal taka tillit til að gámurinn er tæmdur af sérútbúnum sorpbíl, sem þýðir að aðgangsvegur skal vera minnst 3,6 m breiður og hafa nægilega burðargetu fyrir að minnsta kosti 26 tónna farartæki. Í göturými skal forðast að djúpgámar séu staðsettir nær gatnamótum en 20 m. Sé sérstakt útskot fyrir hirðubíl mega djúpgámar vera nær gatnamótum en ávallt skal vera nægileg yfirsýn á gatnamótum, sjá mynd 2. Ökutæki sem sjá um losun eru um 11 m löng en gera þarf því ráð fyrir um 15 m lengd með öryggisrými.

Staðsetning gáma skal vera þannig að losun þeirra hindri ekki aðra umferð og öryggi notenda, starfsfólks sorphirðunnar og vegfarenda sé tryggt. Ekki má hífa gáma yfir bílastæði, hjólastíg eða gangstétt. Djúpgámar skulu ekki fara inn á öryggissvæði hjólastíga, samanber hönnunarleiðbeiningar um hjólreiðar (1,00 m).

Losun djúpgáms getur tekið um 7-10 mínútur og getur því hirðubíllinn verið stöpp á sama stað þann tíma og allt að 20 mínútur ef losaðir eru tveir gámar (sömu gerðar) á sama tíma. Staðsetning gáma skal vera þannig að sýn sé góð og að kröfur um sjónlengdir séu uppfylltar.


Gámaklasi með djúpgámum má ekki vera fjær inngangi byggingar en sem svarar 25 m sbr. gr. 6.12.18 í byggingarreglugerð nr. 160/2010. Í tilfellum þar sem ekki er hægt að koma fyrir djúpgámum í styttri fjarlægð en getið er um í byggingarreglugerð skal hafa samband við Umhverfissvið Kópavogsbæjar.

Innkastlokið skal vera regnpétt og ekki skal staðsetja djúpgáma á lægsta punkti í landslaginu svo ekki sé hætt á að vatn flæði ofan í gáminn eða gámarammann.


Kópavogsbær gerir kröfu á að djúpgámar séu útbúnir **aðgangsstýringu** og séu læsanlegir til að koma í veg fyrir að utanaðkomandi séu að nota gámana. Upplýsingar um slíkan búnað er hægt að fá hjá innflutningsaðila gámana.



Samþykki Kópavogsbæjar um endanlegt fyrirkomulag, staðsetningu og aðkomu skal liggja fyrir áður en ráðist er í framkvæmdir.



Mynd 1 Nauðsynlegt rými umhverfis gáma og djúpgáma.



Mynd 2 Staðsetningar djúpgámasetta út í götu utan nauðsynlegrar yfirsýnar við gatnamót, þveranir og gangbrautir.

5. Málsetning

Þegar ákveðið hefur verið að nýta djúpgáma er mikilvægt að stærð og fjöldi djúpgáma verði réttur þar sem ekki er hægt með góðu móti að auka við eða stækka djúpgámana á seinni stigum. Við málsetningu skal miða við tæmingu á að minnsta kosti 14 daga fresti fyrir alla fjóra flokkana. Það er pappi/pappír, plast, blandaður úrgangur og matarleifar. Allir fjórir flokkarnir þurfa að vera til staðar í hverju gámaklasa.

Hafa skal samband við umhverfissvið Kópavogsbæjar varðandi heildarfjölda gáma sem krafist er við íbúðarhús. Fjöldi gáma er áætlaður út frá forsendum um lágmarkslítrafjölda fyrir hvern úrgangsflokk

Samþykki Kópavogsbæjar um endanlegt málsetningu djúpgáma þarf að liggja fyrir áður en ráðist er í framkvæmdir.



6. Leiðbeiningar varðandi rekstur, tæmingu og umgengni

Eigandi djúpgáma hefur ábyrgð á viðhaldi gámana svo sem skemmdum lokum, hreinsun veggjakrots, skemmdarverka, ákeyrslum o.s.frv.

Kópavogsbær útvegar merkingar á gámana þar sem fram kemur hvers konar sorp eigi að fara í hvern gám. Það er „Blandaður úrgangur“, „Pappi og pappír“, „Plastumbúðir“ og „Matarleifar“ en lóðarhafi er ábyrgur fyrir því að merkingar séu ætíð til staðar á gámunum. Hafið samband við Umhverfissvið Kópavogsbæjar til að fá merkingar á djúpgáma.

Rusl sem komið er fyrir við hliðina á djúpgámum er ekki hirt af Kópavogsbæ og er á ábyrgð eiganda að fjarlægja og koma í réttan farveg.

Kópavogsbær kemur fyrir magnskynjurum í djúpgámum fyrir blandaðan úrgang, pappa/pappír og plast í hverjum djúpgámaklasa og sér um viðhald og rekstur skynjaranna. Gámarnir eru tæmdir þegar magnið er komið yfir 75% af heildarrúmmáli. Ef í gámaklasa eru fleiri en einn gámur fyrir hvern sorpflokk eru djúpgámarnir tæmdir þegar allir gámar í sama sorpflokki eru komnir yfir 75% af heildarrúmmáli.

Eigendur djúpgáma þ.e. húseigendur og húsfélag bera ábyrgð á að hægt sé að komast að djúpgámum og hægt sé að losa úrgang í þá. Ekki skal reyna að troða of stórum hlutum í gámana því þá er hætt á að innkastlokið stíflist eða festist. Fyrirferðarmiklar umbúðir s.s. pitsukassar, skal rífa í sundur eða brjóta vel saman. Stórar umbúðir t.d. utan af stærri rafmagnstækjum eða húsgögnum skal fara með á næstu endurvinnslustöð. Blandaður úrgangur skal vera í lokuðum pokum. Matarleifar skulu vera í bréfpokum.

Húsfélög skulu hafa lykil af djúpgámum svo þau geti losað stíflur ef þær myndast. Það er á ábyrgð húsfélaga að losa stíflur ef gámur fyllist. Ef slíkt gerist er líklegt að um stíflu sé að ræða og þarf þá að opna lok fyrir neðan innkastlok og losa stífluna. Hafa skal samband við viðeigandi innflutningsaðila til að nálgast lykila.

7. Gátlisti

- Er staðsetning djúpgámanna innan lóðamarka?
- Eru gámar fyrir fjóra úrgangsflokka í hverjum gámaklasa?
- Eru lagnir í jörð þar sem áætlað er að setja upp djúpgáma?
- Er vatnshalli frá djúpgámasvæði?
- Er staðsetning djúpgámanna heimil með tilliti til brunakrafna?
- Heftir staðsetning djúpgámanna aðgangsvégi slökkviliðs eða flóttaleiðir?
- Er nóg pláss fyrir tæmingu bæði fyrir ofan djúpgáma og til hliðar við þá?
- Er nægt athafnasvæði fyrir losunarbíl og almenna umferð fram hjá losunarbíl við tæmingu?